

Niðurstöður sjálfsmats:

Inngangur: Við sjálfsmat skólans er litið til þeirra nemenda sem sækja skólann og í flestum tilfellum stunda þeir námið af áhuga og ánægju.

Markmið: Markmiðið er ekki að útskrifa nemendur til framhaldsnáms í tónlist þó vissulega sé það alltaf ánægjulegt ef nemendur leggja tónlist fyrir sig í lífinu. Aðalatriðið er að nemendur þroskist sem einstaklingar. Áhugi þeirra á tónlist og listum almennt verði þeim til ánægju og sjálfstraust þeirra og virðing gagnvart öðrum aukist. Það er mikil þrekaun að standa frammi fyrir fjölda manns og leika á hljóðfæri. Það getur tekið á taugarnar en jafnframt aukið lífsgleðina og sjálfstraustið. Að vinna mörgum stundum að settu marki er alltaf þroskandi og gefandi.

Tilgangur: Kennarar eru í stöðugri sjálfsskoðun, þeir þurfa að vera vakandi yfir velferð nemandans og fylgjast vel með líðan þeirra.

Aðferð og framkvæmd: Ávallt á verði, alltaf vakandi og umfram allt hvetja nemendurnar til dáða með endalausri þolinmæði og ástríðu.

Niðurstöður: Hjá LRÓ gengur þetta bara vel.

Umbótaáætlun: Kennarar skólans leggja sig ávallt mikið fram um að láta nemendunum líða vel og hjálpa þeim að ná árangri.

Lokaorð: Starf í tónlistarskólum er oft vanmetið. Námið er í flestum tilfellum einkanám þannig að samband nemenda og kennara verður oft náíð. Það er mikið heimanám við æfingar á hljóðfærið og því skiptir samband skólans við foreldrana miklu máli. Við hjá LRÓ teljum okkur vera að ná árangri í starfi.